

2003-2004

Tæknideild

Skrifað 14 maí 2011

Skýrsla tæknideildar 2003-2004

Starfsemin var óbreytt frá fyrri árum, dagleg umsjón með tölvubúnaði og kennslutækjum, samskipti við þjónustuaðila, viðgerðir og endurnýjun og aðstoð við starfsmenn og nemendur. Þó eðli starfseminnar sé svipað og áður hafa umsvifin aukist umtalsvert í samræmi við fjölgun tækja. Tölvueign nemenda hefur aukist verulega í vetur og bætt netsamband skapar ný vandamál. Reksturinn gekk þó stórálfallalaust. Netvæðing heimavistarherbergja í Tröllasteini og Fjalli, sem getið var um í síðustu skýrslu, tafðist nokkuð af fjárhagsástæðum en samband komst á í mars. Má segja að þar hafi e.t.v. kapp verið meira en forsjá því í ljós kom að notendur kunnu sér ekki hóf og ekki hafði verið hugað nægilega vel að því að stýra þyrfti notkuninni og takmarka hana. Var þetta til nokkurra leiðinda um tíma, en betur verður að þessu staðið næsta skólaár.

Samhliða þessu var komið á netsambandi á nokkrum stöðum í Íþróttahúsi og þráðlausu sambandi í öllum kennslustofum. Þráðlaust samband er einnig til starfsfólks í nágrenni skólans.

Tölvur

Nú eru í rekstri 25 PC-tölvur, 15 fartölvur, netþjónn með Windows2000 netstýrikerfi og 7 prentarar. Allar tölvur eru með Win2000 eða XP stýrikerfi.

Keyptar voru 2 nýjar fartölvur af gerðinni IBM Thinkpad fyrir kennara en ein Hp fartölva varð ónýtt. Einn Oki prentari var tekinn úr notkun þar sem ekki borgaði sig að halda honum við lengur og sama gildir um tvær gamlar Hyundai tölvur.

FS-netið reyndist vel og komu ekki upp nein vandamál sem talandi er um.

Skjávarpar

Bætta var við tveimur Sony skjávörpum með loftfestingum og þeir settir upp í Austur- og Vesturstofum í Dvergasteini. Einnig voru settir upp Ask-C20 skjávarpar í Norðurstofu og í Sal. Tveir eldri skjávarpar, Ask-C2, eru færanlegir og verða það áfram.

Prentarar

Skípt var um prentara hjá áfangastjóra.

Önnur tæki

Risograph fjöritunartækið bilaði eftir langa og dygga þjónustu. Það er á verkstæði en vafamál er hvort borgar sig að gera við það.

Framtíð

Nú í sumar þarf að endurnýja netþjón og koma jafnframt upp bættri stýringu á netnotkun, en síðan er næsta stórverkefni að endurnýja tölvubúnað á bókasafni og í tölvustofu. Það er mál sem ekki getur dregist öllu lengur.

Konráð Erlendsson, umsjónarmaður tæknimála

Mötuneyti

Skrifað 14 maí 2011

Skýrsla mótuneytis Framhaldsskólans á Laugum 2003-2004

Fyrsti starfsdagur var 25 ágúst 2003. Þá mætti ég til starfa og fór að huga að pöntunum. Þann 26 komu starfsstúlkur til vinnu. Vikan notuð til að undirbúa skólaetningu og komandi vetur. Skólinn var settur 31. ágúst og var öllum viðstöddum boðið að þiggja veitingar í matsal skólans að athöfn lokinni. Í skólaetningarkaffi voru 229 manns sem þáðu veitingar.

Á haustönn voru 86 skráðir í mótuneyti. Opnunartími mótuneytis var sem hér segir þegar kennt var samkvæmt stundarskrá:

Morgunverður kl: 9.00-9.15

Hádegisverður kl: 12.00-13.00

Miðdegiskaffi kl: 15.20-15.50

Kvöldverður kl: 18.00-18.30

Kvöldhressing kl: 22.00 – 22.20

Kvöldhressing á bíókvöldum kl: 22.45-23.15

Opnunartímar laugardag og sunnudag

Hádegisverður kl: 13.00-13.30

Kvöldverður kl: 18.00-18.30

Kvöldhressing kl: 22.00-22.20

Morgunverður: hafragrautur, slátur, súrmjólk, púðursykur, morgunkorn (cheerios, cornpops, hafrakoddar, ricekrispies o.fl), kornflex, brauð-2 tegundir, smurostar, kjötálegg, ostur, kaviar, lifrarkæfa, marmelaði, sulta, ávextir, te, djús, kaffi, mjólk og stöku sinnum soðin egg og salöt. Einnig voru rúnstykki stöku sinnum til tilbreytingar.

Miðdegiskaffi: 2 tegundir af brauði, 5 teg. hrökkbrauð, smurostar, ostur, kjötálegg eða salat. Bakað er flesta daga daga með kaffinu og einnig er borinn afgangur frá kaffinu deginum áður.

Hádegis- og kvöldmatur: virka daga var fiskur, kjöt, súpa eða grautur. Oftast er reynt að hafa fisk 2 sinnum í viku. Súpur, grautar, brauð, álegg, ávextir og grænmetisréttir eru einnig stöku sinnum. Ekki var um að ræða að hægt væri að ganga að vissum mat á ákveðnum dögum, heldur var reynt að hafa fjölbreytnina í fyrirrúmi. Sunnudagshádeginn voru þó undantekning því þá voru alltaf heitar samlokur.

Kvöldkaffi: mjólkurkex, sætt kex og ávextir. Í vetur voru þó stundum bakaðar kökur og kex með kvöldmjólkinni þar sem það er hagkvæmara en að kaupa kex.

Starfsmenn í eldhúsi voru eftirtaldir.

-
Kristján Guðmundsson 100%
Hólmfríður Jónsdóttir 100%

Sigríður Sveinbjörnsdóttir	100%
Pórhildur Gunnarsdóttir	80%
Jóna Jónsdóttir	20%

Sú breyting var á starfslíði að Guðrún Svavarsdóttir lét af störfum sl. haust og Sigríður fór úr 80% í 100% starf. Pórhildur fór úr 50% í 80% starfshlutfall og Jóna kom inn í 20 % starf.

Þann 5 .september fóru nemendur upp í Mývatnssveit í sund og fleira gert sér til gamans og fengu með sér nesti. Komið var á Breiðumýri kl 18.00 og þá var grillaður svínahnakki með tilheyrandi meðlæti.

Í samráði við nemendafélagsstjórn var ákveðið að afmælisæmundur yrði síðasta miðvikudag í mánuði sem gekk þó ekki alltaf eftir.

Laugardaginn 28. sept var haldið upp á 15. ára afmæli Framhaldsskólans á Laugum og öllum viðstöddum boðið að þiggja kaffiveitingar að athöfn lokinni. Þar var á boðstólnum meðan annars kleinur, vinarbrauð, bananabrauð, súkkulaðikaka og flatbrauð með hangikjöti.

Þann 14. okt. var farið eftir kvöldmat út á Vestmannsvatn með nesti. Grillaðar voru pylsur í hádeginu 15 okt og komið heim í kvöldmat.

Löng helgi var 24-27. okt. og var mötuneyti lokað frá fimmtudegi til mánudags en þá var kvöldmatur á venjulegum tíma og vörur komu um hádegjð.

Þann 14. nóv. var grunnskólamót í knattspyrnu og var grunnskólunum á Litlulaugum, Hafralæk og Stórutjörnum boðið í hádegismat þar sem boðið var upp á kjúkling með tilheyrandi.

Þann 9. des. var fönður- og laufabrauðsgerð í matsal skólans milli kl. 13.00-16.00 og litlujól voru haldin þá um kvöldið þar sem hangikjöt, laufabrauð og ís var á boðstólnum.

Matreiðslumaður gerði drög að matseðli fyrir hverja viku í senn sem reynt var að halda en stundum brást að vörur kæmu í tæka tíð þannig að það urðu einhver frávík. Boðið var upp á hollt fæði þar sem mið var tekið af öllum fæðuflokkunum á hverjum degi.

Þrjár hátíðir voru haldnar að venju; 1. des-hátíð, þorramblót og árshátíð.

Þann 29. nóvember var haldið upp á 1. des. með glæsilegu jólahlaðborði í samkomuhúsinu á Breiðumýri og þar borðuðu 122 manns. Þorramblótið var haldið 6. febrúar í matsal skólans með tilheyrandi þorramat. Þar voru skráðir 113 manns, en þó komu ekki nema 96 manns. Árshátíð var haldin föstudaginn 23. apríl í matsal skólans sem tókst í alla staði vel og var skemmtileg tilbreyting að sjá matsalinn í hátíðarbúningi. Nemendur skipuðu með sér verkum við að undirbúa þessar hátíðir t.d að dekkja upp salinn og skreyta hann, sem var þeim til sóma en nemendafélagsstjórn hafði umsjón með þessum verkum. Nokkuð var um að grunnskólar kæmu hingað til að skoða skólann og var þeim þá boðið í hádegismat.

Skólaslit voru 22. maí kl. 14.00 í íþróttahúsinu. Kaffiveitingar voru bornar fram að skólaslitum loknum. Þar þáðu 210 manns kaffiveitingar. Bornar voru fram marsípanterta og brauðterta. Stúdentaveisla var þetta kvöld þar sem stúdentar og gestir þeirra voru komnir saman, alls 51 manns og gekk sú veisla í alla staði mjög vel utan þess að einn

nemandi afboðaði sig tveimur tímum fyrir veislu sem er ekki gott og þarf að komast fyrir að svona hlutir gerist, t.d. með því að greiða fyrir mat viku áður en stúdentahátíð fer fram.

Eldhúsinu var skilað laugardaginn 29. maí. Ekki tókst þó að skila kjallara fyrr er 1. júní þar sem þar hafa staðið yfir miklar lagfæringar á gólfi og allt hefur verið málað. Undirritaður/kokkurinn fór á námskeið dagana 10-11 maí sem var um gæði, öryggi og hollustu við matargerð sem var bæði gott og gagnlegt.

FRAMTÍÐARSÝN

Lagfæringar á húsakynnum:

1. Skipta um gólfefni í matsal og breyta skömmtunarlínu.
2. Setja deifingar á ljós í matsal.
3. Setja niðurfall fyrir framan frostið og nýjar hillur inn í frost.
4. Setja loftgat á geymslu í nr. 2 og skipta um hurð á geymslu í nr. 3.
5. Fá nýja stóla í matsal og þar væri einnig gott að koma upp vatnsvél.
6. Salatbar væri gaman að kaupa sem hægt væri að hafa frammi í matsal, en hann þyrfti líklega að vera hreifanlegur.

Ég hefi hugsað mér að í haust væri gott fyrir mig að fara í heimsókn í mötuneyti hér í nágrenni og víðar til að sjá hvað menn eru að gera og bera sig saman við t.d Menntaskólann á Akureyri, Egilstöðum og Laugavatni og fleiri staði. Haustþing kennara er líka vettvangur til að hitta kollega sína, þ.e.a.s. skoða það mötuneyti þess skóla sem heldur þingið.

Stúdentaútskrift er hlutur sem þarf að mínu viti kannski að hugsa um hvort ætti að stokka betur upp eða velta fyrir sér hvort eigi að vera í þeirri mynd sem nú er. Hátíð í þípróttahúsi og hátíðarkvöldverður í matsal hefur verið með sviðuðu sniði undanfarin 11 ár og er kannski orðin barns síns tíma. Það gengur ekki að þeir sem skrá sig komi ekki eða afboði sig á síðustu stundu og jafnvel aðrir komi sem ekki hafi skráð sig þegar til á að taka því það er mikil undirbúningur fyrir svona dag og lítið sem ekkert má fara úrskaiðis.

Miðað við það starfshlutfall sem þarf í mötuneytið alla jafna daga, þá er það orðið deginum ljósara að það er í algjöru lágmarki eins og verið hefur sl. vetur og þyrfti að skoða það hlutfall miðað við nemendafjölda næsta vetur.

Kristján Guðmundsson

Íþróttastarf

Skrifað 14 maí 2011

Ársskýrsla Íþróttafélags Laugaskóla (ÍFL) veturinn 2003-2004

Starfsemi Íþróttafélags Laugaskóla fylgir skólaárinu eins og það er sett upp og nær frá byrjun september og framundir miðjan maí ár hvert en starf félagsins liggur nánast alveg niðri yfir sumarmánuðina. Mikil endurnýjun á sér stað á hverju hausti bæði í félaginu sjálfu og einnig í stjórn þess en ný stjórn er kosin á hverju hausti. Þeir sem sitja í stjórn ÍFL

nú frá hausti 2003 til hausts 2004 eru Otto Gunnarsson formaður, Sigurður Kristinn Guðmundsson gjaldkeri, Anna Dís Þórarinsdóttir ritari, Grétar Guðmundsson og Birkir Sveinsson meðstjórnendur.

Félagið skipuleggur íþróttaæfingar fyrir nemendur Framhaldsskólans á Laugum en skipulagðar æfingar eru í knattspyrnu stráka og stelpna, körfuknattleik stráka og stelpna, badminton og handknattleik. Nemendur sjálfir, sem yfirleitt eru á íþróttabraut FL, ásamt íþróttakennara FL hafa umsjón með þessum æfingum.

Eitt helsta verkefni ÍFL á síðasta ári var þáttaka félagsins í 2. deild karla í körfuknattleik en þar var félagið í riðli með UMFS Dalvík, ÚÍ Smára Varmahlíð, Tindastóli c, Þór Akureyri og Skotfélagi Akureyrar en alls voru leiknir 15 leikir en þeim fækkaði á yfirstandandi keppnistímabili. Félagið sendi einnig lið til keppni í framhaldsskólamótið í körfuknattleik, sem fram fór á Sauðárkróki í apríl síðastliðnum.

Félagið sendir lið til keppni í framhaldsskólamótið í knattspyrnu en í því er leikið í sjö manna liðum, þvert á hálfan völl og má hver skóli senda tvö lið til keppni. ÍFL sendi tvö lið til keppni í karlaflokki en eitt í kvennaflokki. Fór mótið fram í Boganum á Akureyri um miðjan október síðastliðinn.

Félagið hélt hið árlega Laugamót í innanhússknattspyrnu í febrúar og var þátttaka viðunandi þó að fleiri kvennalið hefðu mátt vera skráð. Einherji frá Vopnafirði vann karlakeppnina en UMF Efling kvennakeppnina. Knattspyrnumót þetta er aðalfjáröflunarleið félagsins.

Félagið aðstoðaði við framkvæmd héraðsmóts í körfuknattleik 13-16 ára, sem haldið var í íþróttahúsinu á Laugum í apríl síðastliðinn og sá meðal annars að nokkru leyti um dómgæslu í því móti.

ÍFL sá síðan um framkvæmd grunnskólamóts í íþróttum sem var haldið á Laugum 14.nóvember 2003. Þar var keppt í frjálsum íþróttum (langstökk án atrennu, þristökk án atrennu, kúluvarp, boðhlaup), körfubolta og fótbolta og síðan var haldið diskótek í íþróttahúsinu um kvöldið.

Þá tóku einnig nokkrir einstaklingar frá ÍFL þátt í héraðsmóti fullorðinna innanhúss í frjálsum íþróttum.

Þetta er það helsta sem gert var á síðasta ári hjá ÍFL en auk þess voru haldin ýmis smærri innanfélagsmót í ýmsum íþróttagreinum á seinasta ári sem verða ekki rakin frekar hér.

Ragnar Bjarnason

Íþróttakennari

Bókasafn

Skrifað 14 maí 2011

Bókasafn Framhaldsskólans á Laugum skólaárið 2003-2004

Safnið þjónar fyrst og fremst nemendum, kennurum og starfsmönnum skólans. Á haustönn voru skráðir 102 nemendur í skólann.

Safnkostur

Safnkostur í lok ársins var 6891 þar með talin rit í geymslu og á skrifstofu skólameistara. Afskrifuð voru 14 bindi á árinu. Jafnframt eru til 127 myndbönd á safninu, 28 geislaþlötur og 15 margmiðlunardiskar. Um 48 tímarit berast safninu reglulega, auk ýmissa fréttabréfa, þar af eru 36 í áskrift. Til kaupa á safnkosti var samtals varið kr. 406.888. Kostnaður vegna gagnasafna, bókasafnskerfis og undirbúningsvinnu fyrir flutning í nýja kerfið Aleph var kr. 48.977. Annar kostnaður 5415.

Þegar þetta er skráð er safnkostur skólans kominn inn í nýja landskerfi bókasafna og er aðgengilegur á gegnir.is

Starfsemi

Skráð útlán á skólaárinu voru samtals 716 þar af voru skammtímalán 253. Lán á lesstofu voru ekki skráð, s.s. notkun orðabóka, ýmissa handbóka og tímarita. Kennarar koma oft með nemendur sína á safnið til þess að vinna ýmiss konar heimildavinnu, en það er alltaf misjafnt eftir áföngum. Nemendur nota safnið almennt við ýmis konar verkefnavinnu. Millisafnalán voru samtals 68. Flestar bækur og ljósrit af ýmsum greinum voru fengnar frá Bókasafninu á Húsavík, Bókasafni Reykdæla og Amtsbókasafninu á Akureyri. Í sex tilvikum voru rit lánuð til annarra safna.

Fyrsta árs nemar komu ekki fyrr en á vorönn í bókasafnskynningu. Nýttir voru tímar í lífsleikni. Nemendur í Ísl 303, Sag 103 og Sál 303 fengu sérstaka þjálfun í leit í Feng og Gegni í 6 hópum á vorönn.

Í janúarbyrjun var opnaður vefur safnsins <http://www.laugar.is/>. Þar er m.a. að finna upplýsingar um tímaritaeign safnsins og vísað í vef FVA um safnkennslu og heimildaleit.

Anita Guttesen kennari vann á safninu í septembermánuði, mánudaga 9-17, þriðjudaga 9-15.30 miðvikudaga 9-17 fimmtudaga 11-17 og föstudaga 9-12, að undanskildum þeim tímum sem hún sinnti forfallakennslu. Þetta er draumurinn að hafa opið allan daginn meðan nemendur eru í skólanum.

Gunnhildur Vilhjálmstöttir nemandi við skólann vann 6 klst. á viku frá febrúarbyrjun og fram á vor. Bókavörður var í 43% starfi á haustönn en tæplega 40% starfi á vorönn.

Fyrirverandi nemendur FL í námi á háskólastigi leita stundum til safnsins, og er reynt að aðstoða þá eftir föngum.

Innheimtur gengu vonum framár á vorönn, því nemendur fá ekki einkunnir sínar afhentar fyrr en þeir hafa skilað öllum gögnum á safnið.

Afgreiðslutími á safninu hefur verið á ýmsum tímum dags og stutt í senn, sem er mjög óheppilegt. Stefnt er að því að hafa sama afgreiðslutíma alla daga næsta vetur.

Gjafir: Bókasafnið á Húsavík gaf safninu Encyclopædia Britannica útg. 1985 í 32 bindum og Riddarasögur í 6 bindum, útg. 1961. Rósa Bachman gaf einn kassa af kiljum.

Fundur og námskeið

Bókavörður sótti haustfund framhaldsskóla á Norðurlandi sem haldinn var 3. október í Verkmenntaskólanum á Akureyri. Sótti kynningarfund um Aleph bókasafnskerfið, sem haldinn var á Húsavík 22. október, námskeið í bókaviðgerðum 6. mars á Akureyri, kynningu á Aleph á Húsavík seinni hluta marsmánaðar, námskeið í Aleph 27. apríl 2004. á Húsavík og fund í NOR50 stjórnunareiningunni í Háskólanum á Akureyri 11. maí

Laugum 26. maí 2004

Gréta Ásgeirsdóttir skólasafnvörður

Námsráðgjöf

Skrifað 14 maí 2011

Skýrsla námsráðgjafa fyrir skólaárið 2003 – 2004

Í ágústmánuði hélt námsráðgjafi námskeið fyrir kennara og stjórnendur Framhaldsskólans á Laugum. Þar var fyrst og fremst fjallað um einstaklingsnámskrá, gerð hennar, nýtingu og hugmyndafræði.

Fyrir dyrum stóðu skipulagsbreytingar á almennri námsbraut sem stefndu að einstaklingsmiðuðu námi.

Á haustdögum 2003 hófu 102 nemendur nám við Framhaldsskólann á Laugum og af þeim var rétt um helmingur nýnemar við skólann.

Flestir nýnemar koma inn á 1.námsár og almenna námsbraut.

Eins og vanalega komu þessir nemendur frá flestum landhlutum og báru með sér misjafnan undirbúning undir framhaldsskólanám.

Vandað var sérstaklega til þess s.l. vor og sumar að kanna þær umsóknir sem bárust skólanum áður en skólavist var heimiluð. Má segja að tilgangurinn hafi verið tvíþættur, annars vegar að vanda val nemenda inn á einstakar námsbrautir skólans og hins vegar að afla nauðsynlegra bakgrunnsupplýsinga um hvern og einn. Hvað síðara atriðið snertir er það nauðsynlegt að geta brugðist sem fyrst við atriðum svo sem sértækum námserfiðleikum eða félagslegum vandkvæðum einstakra nemenda, ekki síst með það í huga að skóli okkar er heimavistarskóli þar sem mikið reynir á samskiptahæfni og félagsfærni. Undirritaður lagði sitt lóð á vogarskálar við þessa forvinnu enda hér um ákveðið forvarnarstarf að ræða. Má í því sambandi nefna að allir nemendur almennrar námsbrautar voru lesprófaðir svo og nemendur af fleiri brautum ef ástæða þótti til og grunur vaknaði um nauðsyn á frekari greiningu. Í kjölfar greininga þarf síðan að skapa jarðveg að frekari aðstoð við þá sem aðstoð þurfa, svo sem með viðtölum við fagkennara og umsjónarkennara viðkomandi nemenda. Námsráðgjafi hafði samstarf við Félags- og skólaþjónustu Þingeyinga um frekari greiningu í vetur.

Eins og undanfarin ár komu allir nýnemar skólans í viðtal til námsráðgjafa á fyrstu þremur vikum skólaárs, einnig var eldri nemendum boðið upp á slíkt hið sama. Í þessum fyrstu viðtölum er oftast um kynningu að ræða,

námsráðgjafi skýrir sitt starf fyrir nemendum og gerir þeim grein fyrir mikilvægi þess að nýta sér alla þá hjálp og þjónustu sem fá má innan og utan veggja skólans. Oftast er einnig farið yfir áfangakerfið og hvernig það virkar. Þá eru skóla- og mætingareglur yfirfarnar. Þessi fyrstu viðtöl á haustdögum eru oftast byrjun á frekara samstarfi námsráðgjafa og einstakra nemenda, hvort sem um er að ræða ráðgjöf um frekara nám, námsaðferðir eða persónuleg vandamál. Meginhluti þess tíma sem námsráðgjafi hefur til umræða fer í persónulega aðstoð og ráðgjöf eða u.þ.b. 85%.

Á skólaárinu 2003 til 2004 dreifðust viðtöl og heimsóknir á skrifstofu námsráðgjafa sem hér segir:

Í september var fjöldi skráðra heimsókna	58
Í októbermánuði	60
Í nóvembermánuði	70
Í desembermánuði	23
Í janúarmánuði	50
Í febrúarmánuði	78
Í marsmánuði	95
Í aprílmánuði	52
Í maímánuði	20

Samtals heimsóknir 506

Rétt er að taka fram í þessu sambandi að undirritaður hafði umsjón með almennri námsbraut en fjöldi einstaklingsviðtala við þá nemendur er ekki skráður sem heimsóknir á skrifstofu námsráðgjafa. Það skýrir þann mun sem er á fjölda heimsókna í september nú og s.l. ár.

Vorönn var að mörgu leyti erfið að mati námsráðgjafa. E.t.v. má segja að það helgist eitthvað af því hve haustönn gekk vel. Þó svo að hér verði ekki tíunduð einstök mál skal geta tveggja umkvörtunarefna sem skera sig úr, geta talist nokkuð almenn og verða tímasett á vorönn. Annars vegar er um að ræða ónæði á heimavist, óreglu á svefni og líferni almennt séð. Einkanlega virtist þetta bundið við eitt heimavistarhúsanna. Hins vegar gætti einhvers konar flokkadrátta síðari hluta vetrar sem virtist tengjast sögusögnum (kjaftasögum) um samkvæmis- og félagslíf hóps nemenda við skólann. Bæði þessi mál eru þess eðlis að huga verður að þeim, hvernig svo sem best verður við þeim brugðist í framtíð. Það hljóta óhjáhvæmilega að vakna spurningar hvort þeir einstaklingar sem farið hafa á mis við mikinn hluta grunnskólagöngu sinnar hafi ekki misst af einhverju fleiru í uppeldinu. Hvað með hinn félagslega þátt? Hvað með hraðbrautir siðgæðislífsins? Það líf sem fram fer utan hefðbundins námstíma á daginn virðist sumum illviðráðanlegt, þ.e.a.s. að lifa lífinu í samfélagi við aðra. Þetta er drjúgur tími sólarhringsins og því mikilvægt að honum sé vel varið. Þarna getur sú félagsmótun sem á sér stað tekið ranga stefnu, stundum án þess að nokkur verði þess áskynja fyrir en allt er komið í óefni. Ógætleg athugasemd í hita leiks getur dregið dilk á eftir sér, fjöðrin er fljót að verða að hænu. Heimavistarskóli á í raun engra kosta vöð, hann verður að bregðast við svona áreitum. Þetta eru mál sem enginn getur gengið framhjá í því mikla nábyli sem á sér stað í skóla eins og okkar, enda kannski tímabært að þessar lífsins listir lærist. Við þessu er líka brugðist á vissan hátt í Framhaldsskólanum á Laugum, m.a. í lífsleikni og áföngunum „Nýjum

skóla“ og „Forvarnir“ en betur má ef duga skal. Í vetur kenndi undirritaður uppeldisfræðiáfangana, bæði á haust- og vorönn. Þeir voru m.a. skiplagðir á þann hátt að nemendur könnuðu markvisst á ákveðnum tíma og undir leiðsögn kennara (námsráðgjafa) líðan nemenda, félagatengsl og hvort einhverjir fyndu sig einmana í skólanum. Síðan var unnið úr þeim tilfellum sem álitin voru þess eðlis að bregðast þyrfti við t.d með viðtölum og félagaaðstoð.

Svo er að sjá að sífellt meiri tími námsráðgjafa fari í samtöl við foreldra og forráðamenn nemenda. Áberandi er sú brýna þörf sem margir foreldrar virðast hafa fyrir það að ræða sín uppeldisvandamál við einhvern og leita ráða. Ljóst er að víða hafa foreldrar ekki aðgang að slíkri aðstoð, eða hafa ekki lært að notfæra sér hana. Slíkar aðstæður kunna ekki góðri lukku að stýra. Þessa vinnu er erfitt að vinna í gegnum síma en við okkar aðstæður er oft ekki um annað að ræða.

Staðsetning Framhaldsskólans á Laugum veldur því að erfitt er um skipulagðar kynningarheimsóknir okkar nemenda í flesta háskóla landsins. Í vetur heimsótti okkur kynningarfulltrúi

Háskólans á Akureyri og höfðu allir nemendur á 3. og 4. námsári tækifæri til að hlýða á þann boðskap. Auk þess hvatti námsráðgjafi elstu nemendurna a.m.k. til að heimsækja Háskólann á Akureyri á kynningardegi skólans í mars. Slíkar heimsóknir eru vel þegnar og mikils virði fyrir skólann okkar. Námsráðgjafa berst árlega mikið af alls kyns kynningabæklingum frá innlendum sem erlendum háskólum. Þessi rit eru nemendum alltaf aðgengileg á vissum stað í skólanum auk þess sem þeir njóta frekari fræðslu og upplýsinga á skrifstofu námsráðgjafa ef óskað er. Á vormánuðum gátu þeir nemendur sem vildu þreytt svonefnt áhugasviðspróf til að þrengja hringinn og skerpa sýn á framtíðaráform í námi og starfi. Margir nýttu sér það tækifæri.

Í skýrslu s.l. árs var vikið að slæmum mætingum nemenda það árið. Því miður er svo enn að of margir nemendur eru fjarverandi úr of mörgum kennslustundum. Margs konar reglur hafa verið reyndar til að bæta þar úr en allt komið fyrir ekki. Það er vissulega áhyggjuefni ef nemendur sjá sér ekki hag í því að sækja tímana sem þeim eru ætlaðir.

Segja má með nokkrum rökum að það hljóti ætíð að brenna á hverjum og einum kennara að svara fyrir það ef nemendur mæta ekki í tíma til hans.

Skólinn sem stofnun hlýtur einnig að hafa mikið um það að segja hvaða rammi og stefna er sett til að grípa vandamálið og reyna að leysa það.

Starfsfólkið allt mótar í reynd þann anda sem ríkir í stofnuninni, t.d. varðandi þá virðingu eða virðingarleysi sem viðgengst gagnvart kennslunni. Hér gildir umfram allt að reglur séu fáar en skýrar og að þær séu vel kynntar. Við getum ekki farið fram á það að einhver framfylgi reglum sem hann skilur ekki eða sér ekki augljósan tilgang í að fara eftir. Ljóst er að námsleiði og almennt tilgangseleysi leika hér stórt hlutverk í lífi nemenda og þar sem svo háttar til virðast næg verkefni bíða uppalenda og reyndar þjóðfélagsins alls. En það kemur fleira til. Kanna þarf skipulega ástæður þess að of margir nemendur sjá sér ekki hag í því að mæta í kennslustundir. Eitt af því er sá sess sem námið fær í vitund fólks. Nám í framhaldsskóla er fullt starf og líta ber á það sem slíkt. Allt annað sem stundað er samhliða því, hvort sem það er vinna eða áhugamál, má aldrei ráða svo ferðinni að hið eiginlega nám sitji á hakanum. Þetta vandamál er ekki einvörðungu bundið við okkar skóla, það er miklu víðfeðmara en svo, það er þjóðfélagslegt vandamál og verður ekki frekar um það fjallað hér.

Vinna námsráðgjafa s.l. skólaár og þær upplýsingar sem liggja á hans borði eftir veturinn benda til þess að auk hefðbundinna úrlausnarefna sé fyrst og fremst um tvö atriði að ræða sem beri að skoða með tilliti til næsta skólaárs. Í fyrsta lagi þarf að styrkja umsjónarkerfið. Það verður að vera virkara að mati námsráðgjafa. Sem dæmi um þætti sem þarf að efla er aukin upplýsingagjöf og meiri tengsl við heimili þeirra nemenda sem eru undir lögaldri. Samband skóla og hinna nemendanna sem eru orðnir lögráða er líka mikilvægt en þarf eðli málsins samkvæmt að vinnast á annan

hátt. Í annan stað er mikilvægt að halda fastar utan um námið hjá flestum nemendum skólans, ekki síst þeim sem sýna rakin dæmi um vandræðagang, s.s. lélegar mætingar og slakan námsárangur.

Þó hér sé kannski ekki staður né stund til að fara ítarlega í þessa sálma vill námsráðgjafi þó benda á það að gott gæti verið að einn aðili, t.d. námsráðgjafi, haldi utan um umsjónarkerfið og þar með umsjónarkennarahópinn. Ákveðnir fundir s.l. vetur hafa verið ætlaðir til umræðna um þessi mál en þeir þurfa að verða mun markvissari en verið hefur, það þarf að ræða fleira en slæmar mætingar nemenda.

Í öðru lagi, en býsna tengt, eru mætingamálin. Það er nú kannski að bera í bakkafullan lækinn að ræða þessi mál enn og aftur, en samt.

Undirritaður telur að þær mætingareglur sem í gildi eru séu hvorki betri né verri en hverjar aðrar reglur þar að lútandi, enda búið að prófa margar leiðir og prósentutölur vítt og breitt um land. Engar þeirra hafa gefist neitt sérlega vel, enda eru reglurnar ekki vandamálið. Vinna þarf í viðhorfi nemenda. Af hverju sjá nemendur sér ekki hag í því að mæta í skóla? Erum við kennararnir að senda villandi skilaboð út í nemendahópinn með röngum áherslum á mati á vinnu nemenda? eru nemendur almennt séð úrvinda af þreytu á þeim tíma sem vinnudagur þeirra er að hefjast? Í hvað fer starfsorka þeirra? Þetta er rannsóknarefni, en styrkara umsjónarkerfi og meira eftirlit með hverjum og einum nemanda verður aldrei nema til bóta í þessu samhengi. Við göngum stundum út frá ýmsu í lífinu sem sjálfgefnum hlutum. Við þyrftum stundum að ígrunda störf okkar betur og gefa því meiri gaum hvað felst í raun og veru í þeim.

Hvað gerum við og hvað gerum við ekki?

Kunna allir kennarar að vera umsjónarkennarar? Vilja allir kennarar vera umsjónarkennarar? Námsráðgjafi er tilbúinn að leggja sitt lóð á vogarskálar til þess að styrkja umsjónarkerfið, en grunnurinn að því eru kennarar sem eru viljugir að sinna því vandasama starfi sem felst í því að hafa umsjón með höndum.

Sverrir Haraldsson